

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2021

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 603. mál.**

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars 2021.


Neytendasamtökin fagna því að unnið sé að því að lögfesta umgjörð utan um félög til almannaheilla og vilja auk þess koma því á framfæri að við samningu núverandi samþykktu samtakanna voru fyrri frumvarpsdrög höfð til hliðsjónar. Neytendasamtökin gerðu þó ákveðnar athugasemdir í umsögnum sínum við fyrri frumvörp og byggist þessi umsögn að hluta á fyrri athugasemdum.

**Um 6. og 7. gr. frumvarpsins:** Neytendasamtökin telja mikilvægt að með lögunum sé ekki of þröngur stakkur sniðinn þegar kemur að reglum um inngöngu og úrsagnir félagsmanna. Í 6. gr. er kveðið á um að ósk um inngöngu í félag skuli berast til stjórnar, þar segir jafnframt að stjórn taki svo ákvörðun um aðild að félaginu sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins. Í 7. gr. kemur fram að félagsmenn geti hvenær sem er sagt sig úr félagi með því að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eða stjórnarformanns. Þar kemur auk þess fram að í samþykktum megi kveða á um hvenær að uppsögn taki gildi og að sá tími megi eigi vera lengri en sem nemur einu ári. Starfsemi félaga sem heyra undir lögin getur verið mjög misjöfn. Í mörgum tilfellum reka félögin skrifstofu allan ársins hring og telja Neytendasamtökin eðlilegt að aðilar geti beint aðildarumsóknum og úrsögnum beint til skrifstofu sér í lagi í þeim tilfellum þegar um er að ræða félög sem eru opin öllum. Samtökin telja auk þess að starfsfólki skrifstofunnar ætti að vera unnt með heimild í samþykktum að taka ákvörðun í málum er varða ósk um inngöngu eða úrsögn úr félagi. Stjórnir félaga sem þessara funda með mislöngu millibili og þar með gæti framangreind framkvæmd komið í veg fyrir óþarfa tafir.

**Um 12. gr. frumvarpsins:** Neytendasamtökin telja það bæði eðlilegt og lýðræðislegt að allir félagsmenn í félögum til almannaheilla njóti sama atkvæðisréttar, sér í lagi í ljósi þess að um er að ræða félög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða fyrir einstaklinga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur auk þess fram að það sé einkennandi fyrir það félagaforn sem hér um ræðir að hver og einn félagsmaður/pátttakandi hafi sama atkvæðisrétt. Samtökin sjá ekki ástæðu til að heimila félögum sem þessum að breyta út frá því með samþykktum sínum.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



---

Breki Karlsson, formaður